Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar viðkomendum og birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna. **117** 12. sept.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um sparisjóðshlunnindi.** Með brjefi þessu voru »sparisjóðnum á Akureyri« endurveitt sparisjóðshlunnindi um 5 ár með venjulegum kjörum frá 1. janúar 1901 að telja. **118** 21. sept.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi, dagsettu 25. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Skaptafellssýslu, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hömrum að Brunnhóli, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað. **119** 28. sept.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um afgreiðslugjald af skipi.** Þjer hafið, herra amtmaður, í brjefi yðar, dagsettu 27. f. m., látið álit yðar uppi um erindi frá Einari umboðsmanni Markússyni, þar sem hann spyrst fyrir um það, *hvort greiða skuli afgreiðslugjald* af skipi, sem keypt hafði verið fyrir hann í Englandi í vetur, sem leið, og hafði með sjer, um leið og það var flutt hingað til lands, 30 tons af salti, er nota átti handa skipinu við fiskiveiðar þess hjer við land í sumar, og, ef greiða skuli afgreiðslugjald af skipinu, *hve hátt* það skuli vera. Skipið var í ferð þeirri, er um er að ræða, flutt til Ólafsvíkur af dönskum mönnum, er fóru þar af skipinu, en á það fóru þá aptur innlendir menn til fiskiveiða hjer við land. Hafið þjer látið þá skoðun yðar í ljós, að það geti ekki verið neinum vafa undirorpið, að skip þetta eigi í því tilliti, sem hjer er um að ræða, að meðhöndlast eptir lögum 2. febr. 1894, um aukatekjur þær, sem renna í landssjóð, 56. gr. 1. kafla, og að greiða eigi af því sem afgreiðslugjald 25 aura af hverri smálest af rúmfangi skipsins, þar sem skipið hefði haft salt meðferðis hingað til landsins, sem nota átti og notað hefði verið til fiskiveiða hjer, hvort sem það hafi verið látið sitja í skipinu eða verið flutt í land. **120** 20. okt

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um það, að afgreiðslugjald beri að greiða af skipinu, 25 aura af hverri smálest, samkvæmt hinu tilvitnaða lagaákvæði, svo